

Umsögn um kerfisáætlun Landsnets 2018 til 2027

Akureyri, 26. júní 2018

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum í dag samþykkt eftirfarandi umsögn um kerfisáætlun Landsnets 2018 til 2027.

Það hefur legið fyrir núna í allmörg ár að framboð og afhendingaröryggi raforku í Eyjafirði sé allsendis ófullnægjandi. Flutningslínur inn á svæðið eru veikbyggðar og komnar til ára sinna.

Landsneti hefur ekki tekist að endurnýja þær og veldur það sérstökum vonbrigðum að bygging Blöndulínu 3 hafi dregist árum saman og sé nú ekki lengur á 3 ára framkvæmdaáætlun.

Atvinnufyrirtæki í Eyjafirði hafa á þessum tíma mátt sæta skerðingu á afhendingu rafmagns og við slíkar aðstæður eru forsvarsmenn þeirra ekki líklegir til að velta fyrir sér stækkun eða eflingu starfseminnar, þannig er óhætt að segja að þetta ástand raforkumála haldi atvinnulífi á svæðinu í fjötrum.

Þá hefur verið tómt mál að tala um að inn á svæðið kæmu ný fyrirtæki sem þyrftu þó ekki væri nema nokkur Megawött af rafafli, eins og staðfest er í Langtímaáætlun kerfisáætlunar (sjá t.d. bls. 13).

Þess vegna fagnar bæjarstjórn Akureyrar því að Hólasandslína 3 sé komin á 3 ára framkvæmdaáætlun Landsnets með áætluð verklok 2021 (sjá bls. 8 í framkvæmdaáætlun) og áréttar mikilvægi þess að sú tímaáætlun standist.

Lýst er stuðningi við aðalvalkost þ.e. valkost 3 (sjá bls. 63 í framkvæmdaáætlun) sem gerir ráð fyrir 220 kV loftlínu á stærstum hluta leiðarinnar, að mestu samsíða Kröflulínu 1 en jarðstreng á 9,8 km kafla í Eyjafirði, að nýju tengivirki við Rangárvelli.

Jákvætt er að Blöndulína 3 er þrátt fyrir allt á 10 ára áætlun (sjá bls. 4 í Langtímaáætlun) en í ljósi reynslunnar þarf að vinna áfram hörðum höndum að framgangi hennar ef takast á að koma henni í notkun innan 10 ára.

Lýst er stuðningi við að þegar Hólasandslína 3 verður komin í rekstur, þá verði Laxárlína 1 tekin niður, í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna sem hún liggur um (þetta er tekið beint upp úr framkvæmdaáætluninni, bls. 64, sjá einnig Langtímaáætlun bls. 30), enda verður hún þá væntanlega óþörf.

Þar sem Kröflulínu 1 er ætlað að standa um ókomin ár er þess krafist að sá hluti hennar sem liggur um Eyjafjörð sunnan Akureyrarflugvallar og að þéttbýlinu á Akureyri verði lagður í jörð fyrir en síðar, í samræmi við Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína (sjá grein 1.3 hér: <https://www.althingi.is/alttext/144/s/1355.html>).

Þessi krafa er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030 en þar segir svo í greinargerð á bls. 92: „Hér er gerð krafa um að leggja hana í jörðu í bæjarlandinu á fyrri hluta skipulagstímabilsins, m.a. vegna flugöryggis, útivistarsvæða, tjaldsvæða og atvinnustarfsemi við Rangárvelli.

Hugsanlegt væri að framkvæma það samhliða jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3. Línan liggur gegnum tjaldsvæðið á Hömrum, en deiliskipulag fyrir Hamra og Kjarnaskóg kveður á um að Kröflulína 1 verði aflögð fyrir árið 2020. Deiliskipulag Rangárvalla kveður einnig á um að Kröflulína 1 verði lögð í jörð.“

Bæjarstjórn Akureyrar hefur gert það sem í hennar valdi stendur til að bæta úr afleitu ástandi raforkumála á svæðinu.

Þannig hefur aðalskipulagi Akureyrarbæjar verið breytt þannig að ekkert er til fyrirstöðu í því sveitarfélagi að Landsnet leggi Hólasandslínu 3 og jafnframt mun ekki standa á Akureyrarbæ að ljúka skipulagi vegna Blöndulínu 3 þegar samkomulag næst við önnur sveitarfélög á þeirri leið.

Þá hefur bæjarstjórn Akureyrar stutt það eindregið að Fallorka ehf., dótturfélag Norðurorku hf., reisi nýja 3,3 MW vatnsaflsvirkjun í Glerá ofan Akureyrar og er verið að taka hana í notkun þessa dagana.

Sú virkjun hjálpar vissulega til en er þó aðeins plástur á sárið varðandi raforkuskort í Eyjafirði sem er nú þegar til staðar og mun aðeins ágerast samkvæmt öllum sviðsmyndum Landsnets (sjá bls. 10 í Langtímaáætlun).

Þess vegna er áréttað að Landsnet láti nú ekki sitt eftir liggja heldur tryggi með öllum ráðum að það markmið framkvæmdaáætlunar náist, að Hólasandslína 3 verði tekin í notkun á árinu 2021.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar
